

**Norræn starfsmannaskipti – skýrsla styrkþega**

<b>Nafn</b>  Kristín Gunnarsdóttir	
<b>Vinnustaður á Íslandi, stofnun og deild</b>  Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga  Sjöntækjadeild	
<b>Starfsheiti</b>  Sjónfræðingur	<b>Kyn</b> Kona
<b>Land sem dvalist var í</b>  Svíþjóð	
<b>Heiti vinnustaðar/stofnunar sem dvalið var hjá</b>  Syncentralen Västerwik (Ögonavdelingen) og Syncentralen Växjö (Resurscentrum Solvändan)	
<b>Tímabil sem dvalið var erlendis</b>  4 mánuðir, frá fyrsta janúar til loka júní 2011.	
<b>Hvenær vaknaði áhugi þinn á starfsmannaskiptum?</b>  Fyrir um það bil fjórum árum	
<b>Hvað var það sérstaklega sem vakti áhuga þinn?</b>  Geta gert samanburð á þeirri starfsemi sem ég byggði upp hér á Íslandi og öðrum samsvarandi í Svíþjóð	
<b>Hvað fannst þér um skipulag dvalarinnar (t.d. upplýsingar, samskipti við stofnun, ráðuneyti)?</b> Gekk allt mjög vel fyrir sig, útvegaði sjálf dvalarstaði með hjálp starfandi sjónfræðinga í Svíþjóð	
<b>Hvernig gekk þér að finna húsnæði?</b>  Vel, á báðum stöðum sá viðkomandi stofnun um að útvega húsnæði	
<b>Hvað finnst þér um lengd dvalarinnar (of löng / hæfileg / stutt)?</b>  Í mínu tilfalli hæfilega löng	
<b>Hver er aðalávinningur þinn af starfsmannaskiptunum út frá starfsvettvangi þínum?</b>  Það að geta gert samanburð á starfi mínu á Íslandi og starfi sjónfræðinga á sambærilegum stofnunum í Svíþjóð. Mikilvægt fyrir mig að komast að því að þrátt fyrir einangrun í starfi hér á landi þá hefur mér tekist að viðhalda þekkingu og þjálfun sem krefst í þessu starfi og sjá það og reyna að við stöndum Svíum ekki að baki.	



Hvaða þekkingu/reynslu öðlaðist þú á meðan dvölinni stóð og hverju gast þú miðlað?

Ég öðlaðist ákveðna reynslu auk víðari sýn á starfið. Þá náði ég líka góðum tókum á sænska málinu sem er mikilvægt í sambandi við öll norræn samskipti.

Einnig gat ég miðlað af reynslu minni til ungra reynslulítilla sjónfræðinga sem voru nýbyrjaðir að starfa með sjónskertum einstaklingum.

Hvernig hafa starfsmannaskiptin breytt sýn þinni á núverandi starf og vinnustað/stofnun?

Þau hafa ekki breytt neinu í stórum dráttum, en ég hlakka til að geta kynnt og rætt ákveðna þætti og áherslur í starfsemi þar, sem mér finnst koma til greina að taka inn í okkar starfssemi.

Einnig tel ég mjög gagnlegt að kynnast sambærilegum vinnustöðum og horfa á minn vinnustað úr fjarlægð í dálítinn tíma.

Hver var helsti ávinningur þinn af samvinnunni með nýjum starfsfélögum meðan á dvölinni stóð (tengslanet, formleg/óformleg samskipti)?

Auðveldara að hafa bein samskipti við sjónfræðinga sem starfa á þessum stofnunum. Í Svíþjóð er gott tengslanet milli stöðvanna þar sem hægt er að bera fram spurningar og allir leggja sig fram um að veita svör.

Hvaða áhrif hafði dvölin á þig persónulega?

Ég tel mig vera öruggari í starfi þar sem ég öðlaðist vissu fyrir því að hafa verið á réttri braut með starfsemi mína hingað til.

Hver var helsti ávinningur fyrir stofnunina þína og vinnuveitanda á Íslandi af skiptidvölinni?

Ekki komin mikil reynsla á það ennþá en vonandi telst það ávinningur að fá til baka ánægðan starfsmann með víðari sýn á starfið og nýjar hugmyndir að lausnum.

Þá tel ég mikinn ávinning að þeim tengslum sem mynduðust í dvölinni og nú er t.d. unnið að því á annari stöðinni sem ég dvaldi á að halda starfsdaga ársins 2012 á Íslandi og kynna sér starfsemi þjónustu og þekkingarmiðstöðvarinnar hér á landi.



Eigin lýsing á dvölinni og reynslu:

### **Norræn starfsmannaskipti Styrkur frá Norrænu Ráðherranefndinni árið 2011**

Styrkur norrænu ráðherranefndarinnar til skiptidvalar var notaður til að kynnast starfsemi Sjónstöðva í Svíþjóð, nánar tiltekið í tveimur lénom, Kalmar og Kronobergs lénom. Aðal markmið ferðarinnar var að skoða hvernig störfum sjónfræðinga á þessum stofnunum í Svíþjóð er háttað.

#### **Sjónstöðvar**

Fyrsta sjónstöðin í Svíþjóð tók til starfa 1973 í Gautaborg. Stöðin tilheyrði heilbrigðisgeiranum, en rekin af styrkjum frá einkafyrirtækjum.

Samkvæmt samantekt úr SENior skýrslu frá 2009 þá eru stöðvarnar í dag 34 með 343 stöðugildum. Samtals eru rúmlega 100 000 notendur skráðir sjónskertir og blindir en sú tala er ekki tæmandi þar sem nokkrar stöðvar hafa nýverið tekið upp tölvuskráningu og hafa ekki skráð inn allar eldri skýrslur.

Starfsemi Sjónstöðvanna er á ábyrgð bæjar og sveitafélaganna sem fara með heilbrigðis og menntamálin í héruðunum/sýslunum. Stöðvarnar vinna að endurhæfingu og þjónustu við blinda og sjónskerta einstaklinga en algengt er að stöðvarnar séu deild innan augndeilda á sjúkrahúsum.

#### **Västervik**

Fyrri sjónstöðin sem ég sótti heim var stöðin í Väsretvik sem er í Kalmar sýslu en þar er stöðin er hluti af augndeildinni.

Í Kalmar léni sem samanstendur af 12 sveitafélögum, með 233.617 íbúum eru tvær sjónstöðvar, önnur í Västervik og hin í bænum Kalmar. Stöðin í Västervik þjónar 6 sveitafélögum í norður Kalmar en íbúar þar eru samtals 110.943 og stöðugildi eru fimm og hálf og skiptist þannig að það er sjónfræðingur í heilli stöðu, þrjár sjónráðgjafar í tveimur stöðum, félagsráðgjafi, rekstrastjóri og töflufræðingur í hálfum stöðum og ritari heil staða.

Fyrir utan fastráðið starfsfólk Stöðvarinnar þá eru sérstakir ráðgjafar starfandi á vegum sveitafélaganna sem sinna ráðgjöf og smáverkefnum á heimavelli bæði í sambandi við sjón og heyrn. Almenn er talið að það sé gert ráð fyrir einni slíkri stöðu á 35-40.000 íbúa.

#### **Starfsemi**

Reglur um hverjir eiga rétt á þjónustu eru eftirfarandi og eru samræmdar á öllum stöðvum í Svíþjóð.

Sá sem mælist með sjónskerpu  $\leq 0,3$  með bestu glerjum, skert sjónsvið eða erfiðleikar með lestur með venjulegum lesgleraugum. (að 4,00) Undantekning frá þessu í Kalmar léni er að þeir sem þurfa snertilinsur í lækningaskyni fá einnig þjónustu án tillits til sjónskerpu.



Ráðgjöf til skóla er í höndum ríkis og þarf að sækja um það sérstaklega, en umsókn þarf að koma frá skólunum. Ráðgjafar sem sinna þessum erindum eru oftast kennarar með viðbótarmenntun í sjónráðgjöf (synpedagog) og eru þeir með skrifstofur víðsvegar um Svíþjóð óháð Sjónstöðvum.

Meðan á dvöl minni stóð tók ég þátt í daglegum verkefnum með sjónfræðingi Sjónstöðvarinnar ásamt því að aðstoða sjónráðgjafa við þeirra störf bæði á stöðinni og á heimaplani.

Ég var viðstödd þrjár augnaðgerðir á augndeildinni í Linköping og tók þátt í starfsdögum **Vision for all** sem er félagsskapur sem sinnir þróunaraðstoð í Afríku og Suður-Ameríku.

Einnig tók virkan þátt í hópvinnu með sjónskertum og hélt þrjá fyrirlestra um Ísland og vinnustaðinn minn fyrir starfsfólki augndeildarinnar og Sjónstöðvarinnar.

## Växjö

Fyrsta maí voru svo vistaskipti, en þá færði ég mig til sjónstöðvarinnar í Växjö.

Växjö er stærsta sveitarfélagið í Kronobergs sýslu (82.000 íbúar) með borgina Växjö sem „höfuðborg“ (60.000 íbúar).

Sjónstöðin í Vexjö þjónar allri Kronobergs sýslu sem samanstendur af 8 sveitarfélögum, en íbúafjöldi í sýslunni er 184.000.

Stöðugildi stöðvarinnar eru 6,75 fyrir utan aðkeypta tímavinnu.

Í Växjö vann ég með bæði sjónfræðingnum og ráðgjöfunum á stöðinni, en fór einnig með tölvufræðingnum og ráðgjöfunum í heimavitjanir.

Mér gafst tækifæri til að taka þátt í starfsdögum þar sem rædd var framtíð hæfingar/endurhæfingar á Stöðinni. Þá sótti ég þing á augndeildinni í Vexjö þar sem rætt var um að samhæfa reglur stöðvanna hvað varðar aðgengi þeirra sem greinst hafa með keratúconus.

Einnig kynnti ég mér Refraktív laser en það eru laser aðgerðir sem gerðar eru til að losa fólk við gleraugu. Ég fékk að vera viðstödd þrjár aðgerðir og viku seinna eftirskoðun þeirra sem í aðgerðirnar fóru.

Þá var ég einn dag á Idé og Kunnskaps Centrum þar sem öll félagasamtök fatlaðra í Kronobergs léni alls 87 eru með skrifstofur og verslun.

Ég er virkilega þakklát fyrir þetta tækifæri sem Norræna ráðherranefndin veitti mér með styrkveitingunni. Mér var mjög vel tekið á báðum stöðunum, og dvölin var ánægjuleg í alla staði.

Vonandi verður framhald á þessari samvinnu norrænu ríkjanna þannig að fleirum gefist kostur á svona starfsmannaskiptum.



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ



norden

Nordiska ministerrådet

Með kveðju,

Kristín Gunnarsdóttir

Sjónfræðingur

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík Sími: 545-5800

Netfang: [kristin@midstod.is](mailto:kristin@midstod.is) Veffang: [www.midstod.is](http://www.midstod.is)

Skýrslunni skal skilað í síðasta lagi innan tveggja mánaða eftir heimkomu og í framhaldi verður styrkur endurgreiddur til stofnunar.

Hægt er að senda skýrsluna í tölvupósti til Ástu Láru Leósdóttur:

[asta.lara.leosdottir@fjr.stjr.is](mailto:asta.lara.leosdottir@fjr.stjr.is).